

NOVA

Reykjavík 11. janúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/889
komudagur 11.1.2012

Varðar: Umsögn Nova um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjarskipti.

Óskað hefur verið eftir umsögn um frumvarpið og fer umsögn Nova hér á eftir.

1.gr

Nova sér alls ekki ástæðu til þess að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi um Fjarskiptaráð og telur það slæma ráðstöfun yrði slíkt gert. Í raun virðist eini tilgangur þess að fella niður gildandi ákvæði um Fjarskiptaráð, vera til þess að ráðherra og ráðuneyti fái aukinn og fullan sveigjanleika til að fara fram með málefni án samráðs eða umræðu við hagsmuna- og fagaðila. Það hlýtur að teljast vafasöm öfugþróun. Um leið er vakin athygli á því að innanríkisráðuneyti / samgönguráðuneyti boðaði síðast til fundar í Fjarskiptaráði í júní 2010 og ekki hefur verið skipaður nýr formaður frá því fyrirverandi formaður lét af embætti sínu í september 2010. Stjórnslásla sem þessi rennir stoðum undir að viðkomandi lagabreyting sé sett fram til þess að framkvæmdavaldið eigi greiðari leið en áður framhjá eðlilegu samráði við umsagnar- og hagsmunaðila. Nova hafnar því greininni.

7.gr.

Nova vekur athygli á því að umrædd grein er sett fram án þess að fram hafi farið samráð um inntak greinarinnar eða málefnið. Nova telur sérstaklega mikilvægt að skipa málum í framtíðarfarveg sem traust ríkir um í samfélaginu og til þess að svo geti orðið er samræða aðkomuaðila nauðsynleg. Varðandi verkferla skv. 7.gr.a. er sjálfsagt og eðlilegt að þeir séu til staðar og viðurkenndir en bent er á að það eru í raun fjarskiptafyrirtækin sem hafa farið fyrir í að setja sér og yfirvöldum verklagsreglur um rannsóknarbeiðnir yfirvalda. Fram hafa komið sjónarmið frá fjarskiptafyrirtækjunum um að þau verði losuð undan ákveðnum skyldum þessara viðkæmu mála og yfirvöldum sjálfum gert kleift að nálgast upplýsingar úr fjarskiptakerfunum án aðkomu starfsmanna fjarskiptafyrirtækjanna, en slíkt væri tæknilega mögulegt. Nova tekur undir þau sjónarmið en ítrekar að nauðsynlegt er að aðkomuaðilar geri tillögu um fyrirkomulag og verklagsreglur sem allra fyrst og áður en nýjar lagagreinar eru samþykktar inni fjarskiptalögin án samráðs.

NOVA

8.gr.

Nova vekur athygli á því að lagafrumvarpið veitir CERT-ÍS heimild til þess að fjárfesta í tæknilegum innviðum, tengja þá við fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækjanna (sér að kostnaðarlausu) og skima og skoða innihald gagnaumferðar. Um er að ræða neteftirlitsveit sem ætlar sér að fylgjast með netumferð og fyrirbyggja netógnir og –árásir. Vissulega göfugt markmið en afar vandasöm framkvæmd. Nova telur slíka heimild til tæknilegra innviða og skoðunar á einstaka fjarskiptasendingum ekki aðeins varasamar í ljósi perónuverndar og friðhelgi einka- og viðskiptalífs, heldur ekki síður að kostnaður við framkvæmd slíks neteftirlits verði ófyrirsjáanlegur, því miður án þess að göfugum fyrirætlunum um varnir gegn netárásum og netógnum verði náð.

Þannig er það skoðun Nova að CERT-ÍS muni þrátt fyrir tæknilega innviði ekki hafa burði til þess að koma í veg fyrir netárásir á íslensk fyrirtæki eða stofnanir, þar verði fjarskiptafyrirtækin og stofnanir/fyrirtæki sem verða fyrir árásum/ógnum að eiga stærstan hlut að máli. Hins vegar getur CERT-ÍS stuðlað að afar mikilvægu samræmingar- og upplýsingahlutverki, innanlands og utan. Til þess þarf CERT-ÍS hins vegar ekki heimildir til að byggja upp tæknilega innviði til að skoða alla gagnaumferð á Íslandi og til þess þarf ekki umtalsvert fjármagn.

Nova setur sig því á móti lagagreininni í því formi sem hún er sett fram. Nova leggur til að lagagreinin veiti CERT-ÍS hópnum hið mikilvæga upplýsinga- og skipulagshlutverk en að felldar verði burt heimildir sem lúta að skimun fjarskipta og greiningu á innihaldi þeirra. Með því móti er sett af stað mikilvæg starfsemi sem hefur með höndum mjög mikilvægt og vel framkvæmanlegt hlutverk, en sömu starfsemi ekki gert að byggja upp gagnaeftirlitskerfi með ófyrirsjáanlegum kostnaði sem óraunhæft er að ætla að muni hafa tók á að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásum hér á landi.

10.gr.

Nova er algerlega mótfallið ákvæðum 10. gr. enda er ekki að sjá neina þörf fyrir þessa grein. Í málsgrein 74.gr. fjarskiptalaganna er skýr, en þar segir að „Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.“

11.gr.

Nova telur að greinin sé afar opin og að henni þurfi að breyta. Greinin telur upp 23 greinar/kafla fjarskiptalaganna þar sem beita megí stjórnvaldsektum, að upphæð allt að 10% af heildarveltu fjarskiptafyrirtækis yfir eitt rekstrarár. Hins vegar er lítið mælt fyrir um hvernig beita beri ákvæðinu, aðeins segir að „Við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot

NOVA

hafi staðið lengi og hvort um ítrekað brot sé að ræða.“ Hér fær Póst-og fjarskiptastofnun algert sjálfðæmi í því hvað stofnunin telur vera eðli og umfangs brots, ásamt ákvörðun um sektarfjárhæð sem gæti numið hundruðum miljóna og jafnvel miljörðum króna fyrir brot á ákvæði fjarskiptalaga. Með því að festa í lög svo háa fjárhæð hámarksfésektar telur Nova að um leið væri verið að innleiða viðmið um að fésektir yrðu í öllum tilvikum mjög háar, þó svo að þær næðu ekki hámarkinu nema við afar alvarlegt brot. Nova telur ákvæðið því ganga alltof langt, og færa starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar heimildir til að beita óeðlilega háum fésektum. Verði greinin tekin til samþykktar Alþingis leggur Nova til að felld verði burt heimild til að fésektir geti numið allt að 10% af heildarveltu fjarskiptafyrirtækis.

12.gr.

Nova telur lagagreinina vera mjög óljósa og líklega ranglega orðaða og hafnar henni af þeim sökum. Orðalag í greininni er mjög almennt og athugasemdir við hana bæta engu við og þannig erfitt að átta sig á tilgangi og áhrifum hennar í framkvæmd. Síðasti málsliður greinarinnar mælir um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli eftir 25. maí 2016 endurskoða eldri tíðniréttindi og færa þau til samræmis við 2. og 3. mgr. 11 gr. fjarskiptalaganna. Þegar viðkomandi málsgeinar 11.greinar fjarskiptalaga eru skoðaðar fæst ekki séð að þessar málsgeinar komi málinu nokkuð við. Til hvaða samræmis er vísað er þannig óljóst og hlýtur að vera um einhverskonar misritun eða villu að ræða. Nova hafnar því greininni í því formi sem hún er.

13. gr.

Nova hefur áður sent athugasemdir sínar varðandi 13. gr.

14.gr.

Nova hafnar þessari grein og hækkun gjaldsins sem ætlað er að standa straum af rekstri CERT-ÍS. Fram hefur komið að fyrirætlanir um CERT-ÍS byggja á því að auka varnir gegn netárásum og netógnum hér á landi. Sérstaklega er horft til mikilvægra stofnana og mikilvægra fyrirtækja. Á samráðsfundi umhverfis- og samgöngunefndar með hagsmunaaðilum kom fram í máli fulltrúa innanríkisráðuneytis að verið væri að bregðast við hættum er steðjuðu að mikilvægum fyrirtækjum, svo sem orkufyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum/bönkum, nefnd var árás gegn þekktu tölvuleikjafyrirtæki. Í athugasemdum með geinininni er sértaklega nefnt að ógnir geti beinst að „ómissandi upplýsingainviðum landsins, svo sem ríkisins og orkuöflunar.“ Augljóst er að CERT-ÍS er ætlað að vera einhvers konar undirstofnun á sviði almannavarna og sem slíkt er fjarstæðukennt að

NOVA

rekstrargjald verði lagt á fjarskiptafyrirtæki landsins til að standa straum af umræddum útgjöldum. Auk þess telur Nova að löggjöf EES/ESB um rekstrargjaldið heimili ekki beitingu slíks gjalds, eða hækkunar þess, í umræddum tilgangi um almannavarnir. Þess utan ítrekar Nova að því miður gerir frumvarpið ráð fyrir umtalsverðri tæknilegri starfsemi CERT-ÍS sem eykur verulega kostnað við CERT-ÍS án þess að fjárféð sé um hvaða upphæðir verði að ræða til framtíðar eða hvort þeir fjármunir muni í raun nýtast til að fyrirbyggja netárásir.

Virðingarfyllt, f.h. Nova

Jóakim Reynisson

